

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



1. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2017-2018 3. okt. 2016 kl. 16:00 – 17:00 í Heppuskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Fjóla Jóhannsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Hjördís Olgeirsdóttir, Guðbjörg Anna Bergsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Anna Björg Kristjánsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir,

Dagskrá fyrsta fundar

1. **Viðfangsefni skólaráðs** – sjá reglugerð fyrir skólaráð í fundarboði. Hver fulltrúi fær möppu með hluta af gögnunum sem eru í viðhengi. Auk þess eru allir hvattir til að skoða heimasíðuna og koma með ábendingar um málefni sem þeir vilja taka á dagskrá skólaráðs í vetur. Framundan er fjárhagsáætlunargerð og því er að þessu sinn beðið um ábendingar um hluti sem gætu vantað í stofnbúnað. Skólanámskráin er á heimasíðu skólans og einnig er bent á lestrarstefnuna sem þar er.

Heimasíðan skoðuð og óskað eftir ábendingum varðandi hana og bent á að ráðið/foreldrar séu umsagnaraðilar fyrir skólann.

Tölvumál skólans hafa verið tekin í gegn og búið er að malbika við Hafnarskóla þar sem breytingar hafa orðið á leikjum og tækjanotkun.

2. Fyrirkomulag funda.

- a. **Fundartími vetrarins** – Á fyrsta fundi velja fundarmenn fundartími vetrarins og fundarstað. Reynt er að velja tíma sem hentar öllum og gott ef hægt er að hafa hann á skólatíma. Eigum við að reyna að hafa einn opinn fund um málefni skólans og annan með nemendaráði. Hvenær ættu þeir fundir þá að vera? Fundartími ræddur, og niðurstaðan að hafa fundi fyrsta þriðjudag í mánuði klukkan 11:30. Fundargerðir eru alltaf settar á heimasíðuna og mikilvægt að koma þeim skilaboðum til foreldra að hún sé aðgengileg þar.
 - b. **Fundargerðir** – Fundarritari er einn af starfsmönnum skólans. Hann sendir fundarmönnum fundargerð að loknum fundi og þegar þeir hafa samþykkt fundargerð þá er hún birt á heimasíðu skólans <http://gs.hornafjordur.is/foreldrar/skolarad/>
 - c. **Trúnaður og málefni einstaka nemenda eða starfsmanna.** Sú höfuðregla gildir að málefni einstaklinga eru **aldrei** rædd á þessum fundum heldur eru þau sett í annan farveg. Mikilvægt er að fulltrúar í foreldraráði séu í góðum tengslum við bakland sitt og geti komið málefnum þess á framfæri.
3. **Fulltrúi foreldra í skólanefnd** – Velja þarf fulltrúa foreldra í skólanefnd. Hann fær send gögn um fundina en síðan geta fulltrúar í skólaráði skipst á að mæta á fundina ef þeir vilja eða einn alveg séð um það.

Steinunn Hödd tekur að sér að vera fulltrúi foreldra í skólaráði.

4. **Myndataka nemenda** – ljósmyndari er búinn að hafa samband við skólann og kanna áhuga á myndatöku. Stungið er upp á hér að myndatakan verði föst í þremur árgöngum skólans – 1., 6., og 10. bekk. Óskað eftir umræðum og að á fundinum verði gengið frá þessu máli.

Umræður um fyrirkomulag myndatöku, hver eigi að taka myndirnar og eins í hvaða árgöngum.

Hugmynd um að ræða við skolamyndir.is þar sem myndirnar eru ekki prentaðar nema að foreldrar panti þær.

Ákveðið að teknar verði myndir í 1., 6., og 10. bekk.

5. **Breytt dagsetning á árshátíð**. Núna verður hún 1. nóvember. Hugmynd um að bjóða foreldrum að taka þátt í undirbúningi árshátíðarinnar.

6. **Helstu áhersluatriði í skólastarfi vetrarins**.

Þórgunnur segir frá vinnu í LTÁ teymi og hverjar áherslurnar verða í vetur. Áhersla á dýpri vinnu, eins og orðaforða.

Annað teimi er Heilbrigði og velferð og hvað felst í þeirri vinnu. Þar er mikil vinna með eineltismál, hvernig vinna með Vöndu hefur verið og samspil á milli þeirrar vinnu og tengslakannana.

Tölvur og vinna í kringum þær, t.d hvernig við vinnum með nýju tölvunar sem eru með skýjalausnir.

7. **Önnur mál** –

Umræður um í hverju 7. bekkur fær að taka þátt í og þátttöku þeirra í viðburðum á vegum Þrykkjunnar. 7. bekkur fær að taka þátt í öllum viðburðum skólans nema þrem kvöldskemmtunum, en hann fær að koma á lokaballið á vorin.

Nemendur í 7-10 bekk fá að mæta á Skólasýningu Skemmtifélagsins.

Ef eru mál sem fólk vill að tekin séu fyrir þá endilega senda þau á Þórgunni thorgunnur@hornafjordur.is

Fundi slitið 17:15

Anna Björg Kristjánsdóttir